

# Mannréttindi

*eftir 15. ráðsfund, 1. júlí 2011*

## 1. Jafnræðisregla

Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnáttengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

### Skýring

- Er 65. grein núgildandi stjórnarskrár.
- „Manngreinarálit“ var sett inn til samræmis við 26. grein alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnáttaleg réttindi (e. discrimination), en hefur verið breytt í „án mismununar,“ sem þykir vera betri þýðing á hugtakinu.
- Atriðum raðað í stafrófsröð á eftir orðinu „kynferði“.
- Við bætist „aldurs,“ „búsetu,“ „fötlunar“ og „kynhneigðar“ skv. tillögu í skýrslu stjórnlaganefndar. „Aldur“ og „búseta“ voru í hornklofa í skýrslu stjórnlaganefndar, hér eru orðin sett inn til umræðu.
- Við bætist „arfgerð,“ m.a. vegna erindis til nefndarinnar.
- Við bætist „stjórnáttengsla“ til að bregðast við stöðu í þjóðfélaginu.
- „Þjóðernisuppruni“ verður „uppruni“.
- „Kynþáttur“ var felldur út um tíma, en bætt aftur inn, eftir ábendingar frá sérfræðingum um að varasamt geti verið að fella hugtakið brott.
- Tungumáli bætt inn í upptalninguna, m.a. vegna þess að mögulegt er að kveðið sé á um íslensku sem þjóðtungu annars staðar í áfangaskjalinu.

## 2. Vernd réttinda

Stjórnvöldum ber að tryggja síaukna vernd mannréttinda. Öllum skulu jafnframt tryggð mannréttindi gagnvart lögaðilum, hagsmunahópum og einstaklingum.

Mannréttindi tryggð með stjórnarskrá þessari má því aðeins skerða, að almannahagsmunir krefjast þess, enda sé gætt meðalhófs og ekki vegið að kjarna þeirra réttinda sem um ræðir.

### Skýring

- Nýtt ákvæði, lagt fram til kynningar.
- Nokkurs konar regnhlífarákvæði, til að undirstrika þau meginsjónarmið sem liggja mannréttindakaflanum til grundvallar.
- Ætlað að tryggja svokölluð lárétt áhrif mannréttinda – þ.e. ekki einungis á milli stjórnvalda og borgaranna, heldur einnig á milli lögaðila og borgara.

### 3. Mannhelgi

Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.

#### Skýring

- Ný grein.
- Undirstrikað hversu mikið samfélagsmein ofbeldi er.
- Var kynnt sem hluti af grein um friðhelgi einkalífs á ráðsfundi 6. maí, er nú sjálfstæð grein

### 4. Friðhelgi einkalífs

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjólum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

#### Skýring

- Er 71. grein núgildandi stjórnarskrár, efnislega óbreytt.
- Málsgrein um mannhelgi, sem var kynnt sem hluti þessarar greinar á ráðsfundi 6. maí, gerð að sjálfstæðri grein.

### 5. Réttur barna

Börn eiga rétt á að njóta bernsku sinnar. Þeim skal tryggð í lögum sú vernd, virðing og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ráðstafanir yfirvalda í málefnum barns skulu þjóna hagsmunum þess.

Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar og vilja í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

#### Skýring

- Er 3. mgr. 76. greinar núgildandi stjórnarskrár.
- Gert að sjálfstæðri grein skv. tillögu í skýrslu stjórnlaganefndar.
- Færir stjórnarskrá til samræmis við 3. og 12. greinar samnings um réttindi barnsins.
- Efnisbreytingar frá því sem kynnt var á ráðsfundi 6. maí, til að bregðast við innsendu erindi Unicef.
- Bætt við upphafsmálslið, með markmiðslýsingu fyrir greinina.

## 6. Tjáningarfrelsi

Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar.

Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu, svo sem óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni.

Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna.

### Skýring

- Er 73. grein núgildandi stjórnarskrár.
- Texti einfaldaður án efnislegra breytinga.
- „Öryggi“ ætlað að ná til ríkis og almennings.
- Skoða þarf hvort orðin „siðgæði“ og „allsherjarregla“ séu nauðsynleg
- Bætt við skyldu stjórnvalda til að tryggja almenningi grundvöll til lýðræðislegra skoðanaskipta. Sú viðbót stendur í samhengi við greinar um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla, sem koma næstar á eftir tjáningarfrelsisákvæðinu.
- Skerðingarheimild milduð og færð aftast í ákvæðið.

## 7. Upplýsingafrelsi

Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.

Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum.

Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur.

Afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu þeirra má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.

### Skýring

- Nýtt ákvæði. Ætlað að tryggja borgurunum möguleikann á að sjá hvernig mál þróast og hljóta úrvinnslu hjá hinu opinbera – tryggja virkt aðhald almennings.
- Byggist á skýrslu stjórnlaganefndar, valkostur 2 á s. 88. Einnig á innsendum erindum.
- Hert á frumkvæðisskyldu ríkisins við söfnun, birtingu og miðlun upplýsinga.
- Byggist að hluta á stjórnarskrám Svíþjóðar og Finnlands.

- Dæmi um lista yfir gögn opinberra aðila má sjá í Noregi: <http://www.oep.no>
- Orðalag ákvæðisins gert skýrara, í samræmi við umræður á ráðsfundi og innkomnar athugasemdir.
- Til skoðunar að tryggja stjórnvöldum ákveðinn tímafrest til að gera viðeigandi ráðstafanir, svo hægt sé að uppfylla kröfur ákvæðisins.

## 8. Frelsi fjölmiðla

Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.

Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði.

### Skýring

- Nýtt ákvæði.
- Staðsetning til umræðu.
  - Til athugunar að færa hluta 1. mgr. í annan kafla, þar sem væri hægt að taka almennt á gagnsæju eignarhaldi fyrirtækja.
- Vörn nafnleyndar byggist á valkosti 2 á s. 88 í skýrslu stjórnlaganefndar.
- Aflétting nafnleyndar geti verið með leyfi bæði heimildarmanns og blaðamanns, ef nauðsyn krefur.
- Skilgreining úr lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla:
  - „Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.“

## 9. Frelsi menningar og mennta

Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista.

### Skýring

- Ný grein.

## 10. Trúfrelsi

Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.

Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

## Skýring

- Færir stjórnarskrá til samræmis við 18. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 9. grein mannréttinasáttmála Evrópu, sem Ísland er þegar aðili að.
- Vernd trú- og lífsskoðunarfélaga miði að umburðarlyndi og virðingu í samfélaginu.
- Með lífsskoðunarfélagi er átt við félag sem löggjafinn hefur viðurkennt á einhvern hátt, byggist á frjálsri aðild félaga og hefur eftirfarandi að markmiðum sínum og starfsvettvangi:
  - Siðferði og siðfræði: Umræða um siðferðisgildi og hvernig best er að leysa siðferðileg álitamál.
  - Fjölskyldan og félagslegar athafnir: Framkvæmd félagslegra athafna fjölskyldunnar (ferming, gifting, nafngjöf og útför) á tímamótum samkvæmt lífssýn félaga.
- Skilið betur á milli réttarins til að hafa trú og til að iðka hana, eftir ábendingar um að skerðingarheimild fyrri útgáfu ákvæðisins hefði verið of óljós.

## 11. Þjóðkirkja

### Leið A - Tímabundið ákvæði:

Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.

Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun ljúka innan fimm ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður hvort grein þessi fellur brott í heild sinni eða fyrsta málsgrein stendur ein eftir.

### Leið B - Valkostir:

#### Valkostur 1:

Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi.

#### Valkostur 2:

[Ákvæðið falli brott.]

## Skýring

- Valkostur settur fram með það í huga að þjóðin greiði sérstaklega atkvæði um þessa grein þegar tillögur Stjórnlagaráðs eru lagðar fyrir hana
- Á ráðsfundi var rætt um nauðsyn þess að Stjórnlagaráð legði fram tillögur sínar án valkosta. Því leggur A-nefnd til nýtt ákvæði, þar sem hugmyndir stjórnlaganefndar um bráðabirgðaákvæði eru nýttar. Skoða þarf hvort ákvæðið eigi að standa í mannréttindakafnanum, eins og nú er, eða aftast í áfangaskjalinu, líkt og stjórnlaganefnd leggur til í skýrslu sinni.
- A-nefnd leggur til að Stjórnlagaráð kjósi á milli tillögu nefndarinnar frá 11. ráðsfundi og þeirrar tillögu sem nú er lögð fram.

## 12. Félagafrelsi

Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds.

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

### Skýring

- Er 1. og 2. mgr. 74. greinar núgildandi stjórnarskrár.
- Félagafrelsi gert að sjálfstæðri grein í kjölfar umræðna á ráðsfundi 6. maí.
- Orðalagi í upphafi greinarinnar breytt, til að það nái betur til beggja kynja.
- Felld brott heimild um bann við starfsemi félaga, sem bent hefur verið á að hafi aldrei verið nýtt.
- Rætt var hvort mætti fella brott heimild til að skylda fólk til aðildar að félögum, en talið að slík breyting gæti haft víðtæk og ófyrirséð áhrif á ýmis félög sem þjóni almannahag – t.d. húsfélög og mögulega sjúkrasjóði stéttarfélaga. Þó þarf að gæta þess að þessi heimild sé ekki nýtt til að skylda fólk til aðildar að félögum nema skýra nauðsyn beri til.

## 13. Fundafrelsi

Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundarhalda og mótmæla. Með lögum má þó takmarka þennan rétt, enda teljist takmarkanirnar nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.

### Skýring

- Er 3. mgr. 74. greinar núgildandi stjórnarskrár.
- Fundafrelsi gert að sjálfstæðri grein í kjölfar umræðna á ráðsfundi 6. maí.
- Fellt brott, í samræmi við umræður við áfangaskjal: „Banna má mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.“
- Orðalagi í upphafi greinarinnar breytt, til að það nái betur til beggja kynja.
- Rétturinn til fundarhalda og mótmæla sérstaklega tiltekinn, sem þykir ná betur yfir inntak greinarinnar. Svipuð ákvæði eru t.a.m. í 13. grein finnsku stjórnarskrárinnar:
  - „Everyone has the right to arrange meetings and demonstrations without a permit, as well as the right to participate in them.“
- Réttur lögreglu til að vera við almennar samkomur felldur brott. Í staðinn er löggjafanum veitt heimild til að setja almennar og lýðræðislegar leikreglur.

## 14. Ríkisborgararéttur

Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.

Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti.

Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.

### Skýring

- Er hluti 66. greinar núgildandi stjórnarskrár.
- Í samræmi við núverandi löggjöf er felld brott setningin „Með lögum má þó ákveða að maður missi þann rétt ef hann öðlast með samþykki sínu ríkisfang í öðru ríki.“
- Bætt við skilgreiningu á veitingu ríkisborgararéttar, í samræmi við umræður á ráðsfundi 6. maí og við áfangaskjal. Sú tillaga er sett fram til að fá fram frekari umræðu, sem nefndin getur tekið tillit til á síðari stigum.
- Greininni er skipt upp, þar sem A-nefnd telur ákvæði um ríkisborgararétt og ákvæði um ferðafrelsi vera of eðlisólík til að standa saman í grein.

## 15. Ferðafrelsi

Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru settar með lögum.

Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmati handtöku.

### Skýring

- Er hluti 66. greinar núgildandi stjórnarskrár
- Greininni er skipt upp, þar sem A-nefnd telur ákvæði um ríkisborgararétt og ákvæði um ferðafrelsi vera of eðlisólík til að standa saman í grein.

## 16. Frelsisvipting

Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum.

Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess.

Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmati þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelissvipting ólögmat skal hann þegar látinn laus.

Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta.

## Skýring

- Er 67. grein núgildandi stjórnarskrár.
- Varðhald fellt út, þar sem það hefur verið aflagt sem refsíúrræði.
- Heimild dómara til að láta menn lausa gegn tryggingu felld út í kjölfar umræðna á ráðsfundi 6. maí. Heimildin þyki bjóða upp á misskilning um réttarstöðu og mismunun á grundvelli efnahags – en henni hefur aldrei verið beitt.

Bætt við innskoti um sakamál eftir ábendingu frá Ragnhildi Helgadóttur, sem segir: „Þess ber sérstaklega að geta að 4. mgr. greinarinnar fjallar um þá sem eru sviptir frelsi af öðrum ástæðum en þeim sem tengjast sakamálum. Þetta er því sett inn til að hnykkja á þeim punkti, ekki efnisbreyting heldur Skýring.“

## 17. Bann við afturvirkni refsingar

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum.

## Skýring

- Er 1. mgr. 69. greinar núgildandi stjórnarskrár.
- Texti einfaldaður án efnislegrar breytingar.
- Fullkomin lögjöfnun var um tíma felld út úr greininni, en bætt aftur í hana eftir fjölda ábendinga frá sérfræðingum um að varasamt væri að fella hana brott

## 18. Bann við ómannúðlegri meðferð

Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi.

## Skýring

- Er 68. grein og 2. mgr. 69. greinar núgildandi stjórnarskrár.
- Bann við herskyldu fært úr þessari grein í kjölfar umræðu á ráðsfundi 6. maí.

## 19. Bann við herskyldu

Herskyldu má aldrei í lög leiða.

## Skýring

- Ný grein.



- Bætt er við banni við herskyldu, m.a. til að bregðast við kröfu þjóðfundar og innsendum erindum.
- Bann við herskyldu gert að sjálfstæðri grein í kjölfar umræðu á ráðsfundi 6. maí.

## 20. Réttlát málsmeðferð

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

### Skýring

- Er 70. grein nógildandi stjórnarskrár.
- Texti einfaldaður án efnislegrar breytingar.
- „Öryggi“ nær til ríkis og almennings.
- Skoða þarf hvort orðin „velsæmi“ og „allsherjarregla“ séu nauðsynleg.
- Allsherjarreglu bætt aftur í greinina, eftir ábendingar um að hugtakið hafi viðtæka skírskotun í núverandi stjórnarskrá, lögum og dómaframkvæmd – auk þess að vera notað í mannréttindasáttmála Evrópu.

## 21. Heilbrigðisþjónusta

Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.

Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.

### Skýring

- Litið hefur verið á að 1. mgr. 76. greinar í nógildandi stjórnarskrá hafi tryggt fólki réttinn til heilbrigðisþjónustu.
- Brugðist við kröfu þjóðfundar:
  - Skýrsla stjórnlaganefndar, s. 83: „Þá koma fram viðhorf um verndun velferðarkerfisins, jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu óháð tekjum og búsetu [...]“.
- Færir stjórnarskrá til samræmis við 12. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er.“
- Rétturinn til heilsu settur í forgrunn, til samræmis við ábendingar frá sérfræðingum, sem telja greinina svo breytta vera í fullu samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

## 22. Menntun

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar.

Öllum skal standa til boða grunnskólamenntun án endurgjalds.

Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur.

### Skýring

- Færir stjórnarskrá til samræmis við 13. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „skuli barnafræðsla vera skyldubundin og öllum tiltæk án endurgjalds.“
- Skyldu til að veita menntun án endurgjalds á ekki að skilja sem bann við einkaskólum.

## 23. Atvinnufrelsi

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þau kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast.

Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.

### Skýring

- Færir stjórnarskrá til samræmis við 6. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt manna til vinnu, sem felur í sér rétt sérhvers manns til þess að hafa tækifæri til þess að afla sér lífsviðurværis með vinnu sem hann velur sér eða tekur að sér af frjálsum vilja, og munu ríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja þennan rétt.“
- Færir stjórnarskrá til samræmis við 7. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða sem tryggja sérstaklega [...] sanngjarnt kaup og jafnt endurgjald fyrir jafnverðmæta vinnu án nokkurrar aðgreiningar.“
  - Sambærilegt ákvæði er í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er þegar aðili að.
- Færir stjórnarskrá til samræmis við 23. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „Allir eiga rétt til atvinnu að frjálsum vali, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi.“

- Vernd gegn atvinnuleysi er í sömu grein, en er ekki sett í áfangaskjalið að sinni: „Allir eiga rétt til atvinnu að frjálssu vali, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi.“

## 24. Félagsleg réttindi

Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis.

Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna.

### Skýring

- Færir stjórnarskrá til samræmis við 25. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „Allir eiga rétt á líf skjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra.“
- Færir stjórnarskrá til samræmis við 9. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til félagslegs öryggis, þar á meðal til almannatrygginga“
- Færir stjórnarskrá til samræmis við Félagsmálasáttmála Evrópu, sem Ísland er þegar aðili að.
- Barneignum bætt inn í upptalningu um félagslega aðstoð, m.a. vegna fæðingarorlofs

## 25. Eignarréttur

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.

### Skýring

- Litið til 14. gr. þýsku stjórnarskrárinnar, sem tengir saman eignarétt og skyldur sem honum fylgja.
- Þess eru mörg dæmi að eignarétti fylgi skyldur, svo sem á grundvelli byggingar- og skipulagslaga, vatnalaga og nábylisréttar. Það er ekki verið að breyta inntaki eignarréttar frá því sem nú er heldur endurspeglar núverandi réttarástand.
- Orðalagi breytt, þar sem fyrra orðalag gaf til kynna að allar skyldur sem eignarrétti fylgja verði að vera lögbundnar.
- Dregið úr mismunun á grundvelli þjóðernis, með því að fella brott sérstaka heimild til að takmarka eignarhald erlendra aðila. Ný 2. mgr. tryggir stjórnvöldum áfram þann möguleika að takmarka eignarhald.

## 26. Menningarleg verðmæti

Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.

### Skýring

- Byggir m.a. á 1. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- Menningarverðmætum veitt sambærileg vernd þeirri sem veitt er náttúruauðlindum í tillögum nefndarinnar.
- Nánar þarf að skoða hvernig greinin snerti handritagjöf Dana.

## 27. Náttúra Íslands og umhverfi

Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.

Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruvinjar, ósnortin víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum.

Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist ekki til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.

Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

### Skýring

- Umhverfisvernd bætt við í samræmi við tillögur stjórnlaganefndar
- Breytt upptalning á þeim meginþáttum náttúru og umhverfis sem sérstök ástæða þykir til að standa vörð um, í samræmi við ýmsar ábendingar.
- Hnykk á rétti almennings til að njóta náttúru landsins, svokölluðum almannarétti.

## 28. Náttúruauðlindir

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og námaréttindi.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra, gegn fullu gjaldi og tiltekins

hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

## Skýring

- Brugðist við kröfu þjóðfundar:
  - Skýrsla stjórnlaganefndar, s. 75: „Það viðhorf var áberandi á þjóðfundi að mæla bæri fyrir um auðlindir þjóðarinnar í stjórnarskrá. Náttúruauðlindir hvort heldur í lofti, láði eða legi, skuli skilgreina sem „eign þjóðarinnar“. Reglur um nýtingu auðlinda verði skýrar og horfi til komandi kynslóða og arður af nýtingu auðlinda renni að meginhluta til þjóðarinnar.“
- Færir stjórnarskrá til samræmis við 2. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem Ísland er þegar aðili að:
  - „Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum brjóti það ekki í bága við neinar skuldbindingar sem leiðir af alþjóðlegri efnahagssamvinnu, byggðri á grundvallarreglunni um gagnkvæman ábata, og þjóðarétti. Aldrei má svipta þjóð ráðum sínum til lífsviðurværis.“
- Hnykkt á því að ekki sé gengið á einkaeignarrétt í upphafsmálgrein, með því að nefna sérstaklega auðlindir sem ekki eru í einkaeign.
- Tekið fram að ábyrgð á vernd auðlinda sé ekki aðeins stjórnvalda, heldur einnig þeirra sem kunna að nýta viðkomandi auðlind.
- **Til skoðunar:** Bæta við vatnasvæðum; hvort skilgreina þurfi dýpt á nýtingarrétti.

## 29. Upplýsingar um umhverfi

Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun.

Með lögum skal tryggja almenningi aðgang undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og aðild að tengdum dómsmálum.

Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á lögbundnum meginreglum umhverfisréttar.

## Skýring

- Ákvæði bætt inn í mannréttindakaflann í samræmi við tillögu stjórnlaganefndar.
- Gengið lengra en stjórnlaganefnd leggur til, að því leyti að lögð er frumkvæðisskylda á hið opinbera.
- Skýrar mælt um alla þætti þessarar greinar en var í fyrri útgáfum.
- Meginreglur umhverfisréttar.
- Upplýsingaskylda stjórnvalda.
- Actio popularis - sbr. Árósasamninginn. Almenningi veitt aðild að málum en þarf ekki að vera beinn hagsmunaaðili.
  - Höfundar skýrslu sem skrifuð var fyrir framkvæmdastjóra Evrópusambandsins í umhverfismálum um aðgang almennings í ESB-ríkjum að réttlátri málsmeðferð og

virikum úrræðum telja að actio popularis eða sambærileg skipan efli verulega almannarétt í umhverfismálum samkvæmt Árósasamningnum. Sjá [http://ec.europa.eu/environment/aarhus/study\\_access.htm](http://ec.europa.eu/environment/aarhus/study_access.htm).

## 30. Dýravernd

Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.

Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum.

### Skýring

- Nýtt ákvæði þar sem brugðist er við innsendum erindum og athugasemdum á heimasíðu Stjórnlagaráðs

## 31. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum

Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.

Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og ganga þeir þá framur almennum lögum.

### Skýring

- Nýtt ákvæði í samræmi við tillögur stjórnlaganefndar.
- Þarf að skoða í samhengi við ákvörðun nefndar C um fullgildingarákvæði í utanríkismálakafli stjórnarskrárinnar.
- Texti í fyrri málsgrein færður nær því sem lagt er til í skýrslu stjórnlaganefndar.
- Síðari málsgrein þrengd, til samræmis við ábendingar sérfræðinga um mögulega óljósa réttarstöðu og hættuna við framsal á valdi stjórnarskrárgjafans.
- Bent var á að í fyrri útgáfu hafi vald til stjórnarskrárbreytinga í raun verið framselt að hluta frá stjórnarskrárgjafanum. Breytingin miðar að því að gera löggjafanum kleift að veita alþjóðlegum mannréttindasáttmálum stöðu ofar almennum lögum, án þess þó að gera þá jafnháttsetta stjórnarskránni. Fyrirmynd að þessu má finna í norsku stjórnarskránni.